



Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður
postur@isafjordur.is

Sauðárkróki 23. apríl 2025

Efni: Umsóknir um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri sbr. reglugerð nr. 643/2016

Þann 24. febrúar sl. var auglýst eftir samstarfsaðilum á Flateyri um nýtingu á allt að 400 þorskígildistonnum af aflamarki Byggðastofnunar fiskveiðiárin 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030 á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016 og rann umsóknarfrestur út kl. 12:00 föstudaginn 14. mars sl.

Alls bárust þrjár umsóknir:

- Ís 46 ehf., kt. 650603-3030 Hafnarbakka 6, 425 Flateyri og samstarfsaðilar.
- Vestfisk Flateyri ehf., kt. 631219-4700, Hafnarbakka 5, 425 Flateyri og samstarfsaðilar.
- Walvis ehf., kt. 700415-0740, Grundarstíg 2, 425 Flateyri og Tjaldtangi ehf., kt. 420913-1250 Hafnarbakka 6, 425 Flateyri (sameiginleg umsókn).

Eftir yfirferð og mat starfsmanna á umsóknum tók aflamarksnefnd stofnunarinnar málið til afgreiðslu í dag. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til við stjórn að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Vestfisk Flateyri ehf. annars vegar um nýtingu á allt að 200 þorskígildistonnum fyrir framangreind fiskveiðiár og Walvis ehf. / Tjaldtanga ehf. hins vegar um nýtingu á allt að 200 þorskígildistonnum fyrir framangreind fiskveiðiár, á grundvelli fyrirbyggjandi umsókna aðila. Jafnframt er lagt til að umsókn Ís 47 ehf. verði hafnað.



Frekari upplýsingar um afgreiðsluna og forsendur hennar er að finna í meðfylgjandi gögnum; umsóknum umsækjenda, matsblöðum og minnisblaði sem lá fyrir aflamarksnefnd ásamt fundargerð nefndarinnar.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar 643/2016 um samráð við viðkomandi sveitarfélag er hér með leitað eftir álitum Ísafjarðarbæjar á þeirri tillögu sem hér hefur verið gerð grein fyrir, áður en málið verður lagt fyrir stjórn stofnunarinnar til afgreiðslu. Áætlað er að stjórnin fjalli um málið á fundi sínum 8. maí n.k. og er þess óskað að umsögn sveitarfélagsins berist eigi síðar en mánudaginn 2. maí.

Virðingarfyllst, f.h. Byggðastofnunar

Pétur Friðjónsson Reinhard Reynisson Sigurður Árnason

Fylgiskjöl: Umsókn Ís 47 ehf.
Umsókn Vestfisks Flateyri ehf.
Umsókn Walvis ehf. / Tjaldtanga ehf.
Matsblöð vegna umsókna
Minnisblað til aflamarksnefndar Byggðastofnunar
Fundargerð aflamarksnefndar Byggðastofnunar